

Föstudaginn 16. ágúst 1996.
 Nr. 314/1996. **Lögreglustjórin í Reykjavík**
 gegn
Guðmundi Jóhannssyni
 (enginn)

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst sl., þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um heimild til húsleitar hjá varnaraðila, en sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um hinn kærða úrskurð fyrr en 12. þessa mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að sér verði heimilað að gera húsleit á heimili varnaraðila að Hlíðarási 1 B í Mosfellsbæ til að kanna, hvort hann haldi þar hunda ólöglega, og sé sú raunin, að taka þá úr vörslum hans.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að rökstuddur grunur sé um, að varnaraðili haldi hunda á heimili sínu og brjóti með því gegn samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ nr. 444/1993. Vísar sóknaraðili einnig til þess, að samkvæmt 6. gr. nefndrar samþykktar skuli taka óleyfilega hunda og færa í hundageymslu.

Fallist verður á það með sóknaraðila, að markmið húsleitar hjá varnaraðila sé að hafa uppi á munum, sem hald skal leggja á. Er því fullnægt skilyrðum 1. mgr. 89. gr. laga nr. 19/1991, til að húsleit verði heimiluð. Samkvæmt því verður krafa sóknaraðila tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðila, lögreglustjóranum í Reykjavík, er heimil húsleit á heimili varnaraðila, Guðmundar Jóhannssonar, að Hlíðarási 1 B í Mosfellsbæ til að kanna, hvort hann haldi þar hunda ólöglega, og eftir atvikum taka þá úr vörslum hans.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst 1996.

Ár 1996, föstudaginn 9. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp þessi úrskurður.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til 8. mgr. 23. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og samkvæmt 89. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að lögreglunni verði heimiluð húsleit að Hlíðarási 1 B, Mosfellsbæ, á heimili Guðmundar Jóhannssonar í því skyni að kanna, hvort Guðmundur haldi hunda ólöglega, og ef sú er raunin, að taka þá úr hans vörslum. Þess er krafist, að heimildin nái til leitar í geymslum og læstum hirslum. Lögreglan segir kröfuna vera setta fram í þágu rannsóknar máls vegna ætlaðs brots Guðmundar gegn samþykkt nr. 444/1993 um hundahald í Mosfellsbæ.

Lögreglan segir, að Guðmundur Jóhannsson hafi um langt skeið haldið tvo hunda í óleyfi á heimili sínu. Um sé að ræða tík að nafni Snotra, sem sé blanda af golden-retriever-kyni, gul að lit, og svo tík að nafni Birta, sem sé hvít af blönduðu kyni. Sótt hafi verið um leyfi fyrir hundunum, en skilyrðum fyrir leyfi ekki verið fullnægt, og því hafi Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis ekki veitt leyfi fyrir þeim. Lögreglan segir, að flest hafi verið reynt til að fá Guðmund til að losa sig við hundana, en það engan árangur borið. Að beiðni Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis hafi lögreglan árangurslaust gert tilraun til að fá hundana afhenta. Lögreglan segir nauðsynlegt að fara á heimili Guðmundar og taka úr hans vörslum hundana, sem hann haldi ólöglega. Það sé mjög brýnt, að hundaeigendur virði þær reglur, sem í gildi séu um hundahald, og að ólöglegir hundar verði teknir, svo sem ætlunin sé að gera.

Forsendur og niðurstaða.

Af hálfu lögreglunnar er fullyrt, að Guðmundur haldi hunda án tilskilinnar leyfa, og er ekki reynt að sýna fram á, að nauðsynlegt sé vegna rannsóknar málsins að gera húsleit á heimili hans. Í raun snýr krafa lögreglunnar að því að fá úrskurð dómara um heimild til að fara inn á heimili Guðmundar í því skyni að taka hundana úr vörslum hans og stöðva þannig ólögmett atferli. Heimild til slíkrar aðgerðar verður ekki veitt á grundvelli 89. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en ákvæðið heimilar einungis leit í þágu rannsóknar máls. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, en hvorki 8. mgr. 23. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 né samþykkt nr. 444/1993 um hundahald í Mosfellsbæ veitir lögreglunni eða öðrum yfirvöldum heimild til að fara inn á heimili og svipta mann umráðum hunds.

2336

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um heimild til húsleitar að Hlíðarási 1 B, Mosfellsbæ, heimili Guðmundar Jóhannssonar, er hafnað.
